

**Fundur í skólaráði Víkurskóla haldinn miðvikudaginn 26. maí
2021. Fundarstaður Víkurskóli. Fundurinn hófst klukkan 16.**



Mætt: Elín Einarsdóttir skólustjóri, Sif Hauksdóttir fulltrúi kennara, Margrét Steinunn Guðjónsdóttir fulltrúi kennara, Stefán Daníel Kristjánsson fulltrúi starfsmanna, Dagný Rut Gretarsdóttir fulltrúi foreldra, Arnfríður Mára Þráinsdóttir og Karl Anders Þórólfur Karlsson fulltrúar nemenda. Lára Oddsteinsdóttir fulltrúi foreldra og Helga Halldórsdóttir boðuðu forföll. Elín Einarsdóttir stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Foreldrakönnun Skólapúlsins 2021

Umræður og tillögur Skólaráðs til úrbóta

Skólaráð leggur til að foreldra komi 1-2 á önn í samstarf við skólann þar sem unnið verður með samskipti, þetta mætti t.d. tengja við námskynningar á haustönn. Efla foreldrasamstarf. Jafnframt að rætt verði við foreldra um óánægju með hádegisverðinn.

2. Nemendakönnun Skólapúlsins 1.-5. bekk

Umræður og tillögur Skólaráðs til úrbóta.

Skólaráð lýsir ánægju með jákvæðar niðurstöður. Ljóst er að aukin gæsla í frímínútum hefur skilað sér í meiri vellíðan nemenda og öryggi.

3. Ytra mat á Víkurskóla – skýrsla

Umræður og tillögur Skólaráðs til úrbóta. Skólaráð lýsir ánægju með niðurstöður en nauðsynlegt er að fylgja úrbótum fast eftir. Rætt var um nauðsyn þess að bæta árangur nemenda skólans í stærðfræði, töluverðar umræður um stærðfræðikennslu. Skólustjóri og matsteymi Víkurskóla munu vinna úrbótaáætlun sem lögð verður fyrir Skólaráð til skoðunar.

4. Framkvæmdir og fréttir úr skólastarfinu.

Skólustjóri sagði frá því helsta sem er á döfinni m.a. að smíðakennsla fari af stað á næsta skólaári.

5. Önnur mál.

6. Dagný Rut og Margrét Steinunn láta af störfum í skólaráði að loknu þessu skólaári. Þær þakka fyrir ánægjulegt samstarf í ráðinu. Karl Anders er jafnframt að láta af störfum þar sem hann útskrifast nú í vor. Skólaráð færir þeim öllum þakkir fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:45

Elín Einarsdóttir

Arnfríður Mára Þráinsdóttir

Karl Anders Þórólfur Karlsson

Dagný Rut Gretarsdóttir

Stefán Daníel Kristjánsson

Sif Hauksdóttir